

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	
Fundarritari: Matthías Imsland	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Hrannar Erlingsson (HE) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Matthías Imsland (MI)	Dagsetning:	21.8.2024
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar.</u> Samþykkt.
2.	<u>Rekstur 2024</u> Rekstur Bridgesambandsins er heldur betri en áætlun gerði ráð fyrir. Styrkir frá samstarfsaðilum eru minni en áætlun gerði ráð fyrir en lægri rekstrarkostnaður vegur það upp. Fyrstu 8 mánuðir eru cash jákvæðir en gert er ráð fyrir að árið endi í hagnaði milli 1-2.milljónir. Þrátt fyrir að fjárfest hafi verið í búnaði, aukin útgjöld til fræðslu og uppbyggingar og að Evrópumót hafi verið á árinu. Bridgesambandið er skuldlaust og eigið fé um áramót verður í kringum 120.milljónir. Þó þarf að gera ráð fyrir að viðhaldsþörf og gott væri að safna í sjóð til að eiga fyrir nauðsynlegu viðhaldi.
3.	<u>Drög að fjárhagsáætlun 2025</u> Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun til umræðu. Fyrstu drög gera ráð fyrir 1,5m í hagnað. Gert er ráð fyrir auknum tekjum en á móti er gert ráð fyrir aukningu í fræðslu og ungmennastarf.
4.	<u>Norðurlandamót 2025</u> Ísland mun halda Norðurlandamótið á næsta ári. Formaður undirbúningsnefndar Sigmundur Stefánsson og framkvæmdastjóri hafa unnið að undirbúningi. Mótið verður spilað í byrjun júní sem er eini tíminn sem allar þjóðir geta tekið þátt. Ljóst er að fjárhagsrammi sem er fyrir mótið mun takmarka mjög þá umgjörð sem verður. Formaður undirbúningsnefndar og framkvæmdastjóri hafa verið í viðræðum við Menntaskólann að Laugarvatni og fleiri aðila á Laugarvatni varðandi mótið. Aðstæður eru nokkuð góðar og eru góðar líkur á að samningar náist.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5.	<p><u>WBT</u></p> <p>Ákveðið hefur verið að halda World Bridge Tour Master á Íslandi vikuna fyrir Reykjavík Rapyd Bridgefestival. Aðkoma BSI er töluverð og ljóst að einhver kostnaður fellur á BSÍ. En það eru frábærar fréttir fyrir Bridgesamfélagið að svona sterkt mót sé haldið á Íslandi auk þess sem margir spilarar munu einnig spila Reykjavík Rapyd Bridgefestival.</p>
6.	<p><u>Starfið framundan</u></p> <p>Farið yfir stöðuna á námskeiðum, skólabridge og mótum framundan.</p>
7.	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>DH vakti athygli á online kennslu sem EBU er með fyrir konur. Er um virkilega góða kennslu um að ræða og á Ísland rétt á 16 sætum.</p> <p>ÓS vakti athygli á að eins stór mót og Ísland er að halda á næsta ári væri rétt að sækja um sérstakan styrk enda væri um gríðar stór verkefni að ræða.</p>